

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

Reykjavík, 13. desember 2019
UST201911-038/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. nóvember sl. þar sem áförmáð var að áminna rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 9. september 2019. Þann 25. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávakin eru eftirfarandi:


- Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonnum af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 690 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum. Skv. úrbótaáætlun hóf rekstraraðili að flokka lífrænan úrgang frá sorpi 1. janúar 2019 og telur að urðun verði innan við 400 tonnum á árinu 2019.
- Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila á viðbragðsáætlun að verða tilbúin 1. apríl 2020.
- Gr. 2.12 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja. Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns. Upplýsingar um tryggingar lágu ekki fyrir í eftirlitinu. Rekstraraðili hefur nú sent stofnuninni afrit af tryggingarskírteini og telst fráviku lokið.
- Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2018 eru ekki fullnægjandi. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr fráviku fyrir árið 2019 og skráningum skilað á réttum tíma.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.


Skuli Þórðarson
sviðssjóri

Virðingarfyllst


Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfraðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands